



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: María B. Hermannsdóttir, fjármálastjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um yfirlit yfir hugbúnaðarkerfi

Á fundi stafræns ráðs þann 10. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 15. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að þjónustu- og nýsköpunarsvið skilil yfirliti yfir þær tæknilausnir sem teknar hafa verið í notkun frá júní 2022, hvaða svið nýta viðkomandi tæknilausn og hver var kostnaðurinn við innleiðingu og kaup og aðlögun eða smíði viðkomandi tæknilausnar. Ennfremur er þess óskað að gerð verði grein fyrir því á hvaða svið kostnaðurinn sem varð til við innleiðingu viðkomandi tæknilausnar var færður. Einnig er óskað er eftir að gert sé grein fyrir kostnaðinum eftir árum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 11. apríl 2024.

Svar:

Sjá meðfylgjandi yfirlit yfir þær tæknilausnir sem teknar hafa verið í notkun frá júní 2022 ásamt umbeðnum upplýsingum. Ástæða þess að yfirlitið spannar lengra tímabil en frá árinu 2022 er sú að þróun sumra þeirra lausna sem voru teknar í notkun á umræddu tímabili hófst fyrir þann tíma er fyrirspurnin nær til. Því er allur tilfallandi kostnaður tilgreindur í þeim tilfellum.

Sá kostnaður sem varð til við innleiðingu lausnanna var færður á fjárfestingu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði vegna stafrænnar umbreytingar Reykjavíkurborgar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

María B. Hermannsdóttir,
fjármálastjóri

Heiti hugbúnaðar	Kostnaður við innleiðingu eftir árum							Hvaða svið nýta hugbúnaðinn
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals	
Umsókn um húsnæðisþjónustu	1.929.477	7.632.654	2.252.324	11.235.235	1.968.105	-	25.017.795	VEL
Samskiptalaun fyrir framlínu	4.378.524	6.832.412	15.143.989	9.555.780	7.483.906	984.580	44.379.191	ÞON
Fræðslukerfi Reykjavíkurborgar	-	4.962.196	20.284.521	39.387.037	36.718.573	1.327.583	102.679.909	Öll svið
Ráðningarkerfi	-	2.287.607	8.594.902	42.852.912	49.460.767	-	103.196.188	Öll svið
Innleiðing á Jira beiðnakerfi og Insight	-	841.296	27.057.368	3.046.730	-	-	30.945.394	ÞON og USK
Innleiðing á Microsoft 365 lausnum hjá Reykjavíkurborg	-	-	175.498.676	280.988.772	248.290.970	7.424.625	712.203.043	Öll svið
Búi. Ráðgjafinn II	-	-	18.964.451	108.226.727	97.568.815	8.992.863	233.752.857	VEL
Mínar síður	-	-	20.811.783	120.058.262	168.053.977	45.187.858	354.111.880	Öll svið
Búi. Fjárhagsaðstoð II	-	-	5.744.545	80.552.283	106.119.587	28.322.822	220.739.236	VEL
Viðburðardagatal Reykjavíkurborgar	-	-	-	15.694.646	6.699.689	-	22.394.335	SBB og MÍR
Veflæg skipuritslausn	-	-	-	2.800.343	-	-	2.800.343	SBB
Þróun á hönnunarkerfi	-	-	1.023.720	15.329.264	20.695.620	-	37.048.604	Öll svið
Vefþróun fyrir þýðingar	-	-	1.058.680	3.702.513	3.032.471	-	7.793.664	Öll svið
Hátíðarsíður Reykjavíkurborgar	-	-	-	4.553.120	3.814.929	-	8.368.049	Öll svið
Jira og Insight - Eignaumsjón	-	-	3.384.375	633.781	70.048	-	4.088.204	USK og MÍR
Hverfið mitt	-	-	4.067.559	8.979.176	13.534.711	1.186.859	27.768.305	SBB og USK
Nýtt síma- og samskiptakerfi	-	-	1.463.779	7.164.371	2.863.440	1.973.455	13.465.045	Öll svið
Bjargey. Innritun í grunnskóla	-	-	23.055.415	47.925.151	6.517.466	-	77.498.032	SFS
Gæða- og öryggiskerfi fyrir vefsvæði	-	-	1.077.235	20.494.356	-	-	21.571.592	Öll svið
Styrkjagátt	-	-	-	9.445.292	29.721.410	1.797.067	40.963.769	Öll svið
Ut anumhald hugbúnaðarleyfa	-	-	128.414	5.600.409	6.196.107	2.598.842	14.523.772	Öll svið
Rafrænar undirritanir	-	-	35.198.011	23.853.171	27.582.184	2.291.646	88.925.011	Öll svið
Mínar Síður Grunnurinn	-	-	4.263.170	1.956.946	41.886.662	-	48.106.778	Öll svið
Vefform - veflægt umsóknarform fyrir vef Reykjavíkurborgar	-	-	-	2.135.331	9.489.767	-	11.625.098	Öll svið
Heimaþjónustu- og búsetukerfi VEL	-	-	1.012.860	12.798.108	17.395.788	5.161.076	36.367.832	VEL
Safnavefir - þróun á nýjum vefsvæðum Listasafns og Borgarsögusafns	-	-	-	13.752.814	46.447.031	1.867.418	62.067.263	MÍR
Hverfasjá USK	-	-	-	1.749.645	-	-	1.749.645	USK
Ábendingagátt	-	-	-	822.596	50.227.189	2.137.712	53.187.497	Öll svið
Uppfærsla Saltfisks - vefgátt fyrir kjörna fulltrúa	-	-	-	12.971.385	1.090.857	-	14.062.243	SBB
Rafrænar byggingarleyfisumsóknir	-	-	-	1.946.245	40.717.294	-	42.663.539	USK
Leikskólareiknirinn. Innritun í leikskóla	-	-	-	209.845	68.977.172	7.526.804	76.713.822	SFS
Kannanahugbúnaður	-	-	-	758.506	7.915.310	985.565	9.659.381	Öll svið
Færsluhirðing - útboð og innleiðing	-	-	-	3.899.548	7.417.899	-	11.317.447	FAS
Talgreinir - streymi vegna borgarráðsfunda	-	-	-	3.749.628	5.992.660	1.087.796	10.830.084	SBB
Bjargey. Samræmd nemendaskráning.	-	-	-	37.575.690	140.149.976	35.511.306	213.236.971	SFS
Fundarumsjónarkerfi Borgarstjórnar	-	-	-	37.575.690	140.149.976	35.511.306	213.236.971	SBB
Samráðsgátt	-	-	-	-	7.879.417	1.501.708	9.381.125	Öll svið
Umsjónarkerfi götulýsingar í Rvk	-	-	-	-	7.402.817	1.400.353	8.803.170	USK
Tilkynningakerfi UTR þjónusta	-	-	-	-	16.814.153	-	16.814.153	ÞON
ClikSense stjórnendaupplýsingar. Viðbót v/PowerBI	-	-	-	-	8.448.092	1.526.010	9.974.102	Öll svið